



Tillögur starfshóps um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar

Erindisbréf fyrir starfshóp um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar var samþykkt á fundi bæjarráðs þann 14.03.2019. Starfshópurinn var svo formlega skipaður á næsta fundi bæjarráðs þann 28.03.2019.

Starfshópin skipuðu eftirfarandi:

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður.

Lovísa Björg Traustadóttir, fulltrúi meirihluta.

Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta.

Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.

Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi fyrirtækja.

Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi Markaðsstofu Hafnarfjarðar.

Með starfshópnum störfuðu þrír starfsmenn umhverfis- og skipulagsþjónustu:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar, Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt og Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi.

Hlutverk starfshópsins skv. erindisbréfi:

Starfshópurinn skal vinna að og koma með tillögu að aðferðafræði við áframhaldandi vinnu við skipulag miðbæjarins. Hlutverk starfsnefndar er að, m.a. á grundvelli þessara gagna, móta stefnu um hvort unnið verði að opinni samkeppni um deiliskipulag miðbæjarins eða hvort unnið verði áfram að deiliskipulagi miðbæjarins á grundvelli þeirrar vinnu sem liggur fyrir. Til grundvallar þessarar vinnu starfshópsins skal höfð hliðsjón af aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, gildandi deiliskipulagi „Miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001“ og skýrslu vinnuhóps um þéttingu byggðar. Jafnframt skal taka mið af fyrirliggjandi tillögum að uppbyggingu miðbæjarins sem unnar voru 2018. Skipulagsmörk hafa ekki verið ákveðin. Eðlilegt er að tengsl miðbæjarins við aðliggjandi hverfi verði skoðuð m.a. út frá þróun byggðar undanfarna áratugi, hugmynda um bætta almenningssamgöngur, samkeppnissvæðisins við Flensborgarhöfn og þróunar og uppbyggingar á suðurhafnarsvæðinu.

Fundir starfshópsins:

Starfshópurinn fundaði í 12 skipti og eru fundagerðir starfshópsins meðfylgjandi sem fylgiskjöl við skýrslu þessa. Á fundi bæjarráðs þann 20. júní 2019 óskaði starfshópurinn eftir lengdum fresti á skilum til bæjarráðs. Jafnframt var óskað eftir fjórum auka fundum og samþykkti bæjarráð að skiladagur yrði 15. ágúst 2019.

Á fundum starfshópsins var litið í mörg horn. Ýmsar vangaveltur komu fram er snéru sérstaklega að því hugðarefni hver staðarandi miðbæjar Hafnarfjarðar væri og styrkleikar hans. Hvernig styðja megi við og stuðla að blómlegri vegferð miðbæjarins með framtíðarsýn þar sem möguleikar til frekari þróunar og uppbyggingar eru höfð að leiðarljósi.

Tillögur starfshópsins:

Eftir að hafa skoðað þau gögn sem lágu til grundvallar við vinnu starfshópsins er það niðurstaða hans að Trípólí vinni áfram að deiliskipulagi miðbæjarins á grundvelli þeirrar vinnu sem stofan skilaði inn. Lagt var fram mat Teikn arkitektapjónustu sem hafði verið falið það verkefni að skoða þær hugmyndir að þróun miðbæjarins sem þegar voru fram komnar frá þremur arkitektastofum, og leggja mat á hvort opin hugmyndasamkeppni um miðbæinn myndi skila öðrum tillögum en þegar hafa verið lagðar fram. Var starfshópurinn sammála þeirri niðurstöðu sem fram kemur í skýrslu Teikn að óvíst er hvort betri tillögur en þær sem liggja fyrir komi út úr samkeppni.

Tillögur starfshópsins eru eftirfarandi:

Lögð er fram tillaga um að Trípólí arkitektar vinni áfram skv. forskrift starfshópsins að deiliskipulagi miðbæjarins og að skipulagsmörk skuli vera óbreytt frá árinu 2001. Við þá vinnu skuli horft til þeirrar uppbyggingar og þróunar sem nú á sér stað á Flensborgarhöfn og á Hraun vestur.

Mikilvægt er að huga að áfangaskiptingu verkefnisins og að byrjað verði á Strandgötunni þar sem áhersla verður lögð á tengingu hennar við nærliggjandi hverfi. Uppbygging við Fjarðargötu og breytingar á henni gætu verið í 2. áfanga verkefnisins. Hvað varðar landfyllingu verður tíminn að leiða í ljós hvort þörf verði á slíkri framkvæmd, en tenging strandlengjunnar/hafnarinnar við miðbæinn verði efld.

Þótt tillaga arkitektanna sýni mikla uppbyggingu í miðbænum verður að hafa í huga að ekki verði ráðist í allar framkvæmdir í einu og mikilvægi þess að forgangsraða innan deiliskipulagsins líkt og fram kemur hér að framan.

Við gerð áfangaskiptingarinnar er lagt til að Trípólí hugi að framtíðarmöguleikum nokkurra svæða innan skipulagsmarka miðbæjarins ásamt því hvernig styðja megi við viðhald og endurbætur eldri húsa innan skipulagsmarka, t.a.m. íþróttahúsið við Strandgötu og umhverfi, Thorsplan og opna svæðið milli bókasafnsins og Súfistans (ráðhústorg).

Strandgata sem fyrsti áfangi.

Sú niðurstaða að mikilvægt sé að horft verði til þess að fyrsti áfangi er varðar útfærslu við deiliskipulagið sé við Strandgötu byggir á að gatan er hjarta bæjarins. Hún hefur ótvírætt aðdráttarafl fyrir gesti og gangandi. Hins vegar má lengi gott bæta og til að tryggja að Strandgatan geti orðið að góðri verslunar- og þjónustugötu í bland við íbúðir þarf útfærsla skipulagsins að styðja við þá þróun.

Miðbær Hafnarfjarðar er annar af sögulegum miðbæjarkjörnum á stórhöfuðborgarsvæðinu ásamt því að vera miðstöð opinberrar þjónustu. Hann þarf að efla enn frekar sem einn af helstu kjörnum verslunar, þjónustu og menningar. Miðbærinn stendur við höfn, með möguleikum á fjölbreyttri starfsemi og afþreyingu. Eftir landfyllingar síðustu áratuga er lítil sem engin tenging við höfnina. Þarna eru vissulega sóknarfæri, því þessi nálægð við sjóinn er eftirsóknarverð og yfirleitt talin einn af mikilvægari kostum miðbæja.

Miðbærinn er á skjólsælum stað, með fallegum opnum svæðum, stígum og góðri tengingu við fjölmenn íbúðasvæði. Vinsælar hátíðir eru haldnar í miðbænum á öllum árstímum, en nauðsynlegt er að halda áfram að styrkja þær til að draga að ferðamenn og gesti úr nágrannabyggðum. Nú þegar eru mikilvæg „akkeri“ í miðbænum, s.s. tónlistarskóli, bókasafn og öflug menningarhús. Allt eru þetta fyrirmyndar stofnanir sem eiga að geta stutt aðra þjónustu á svæðinu og ber því að styðja og efla áfram.

Mikilvægt er í áframhaldandi vinnu við deiliskipulag miðbæjarins að horft verði til þess að hlúa enn betur að þeim fyrirtækjum sem eru þegar í rekstri og bæta samkeppnisumhverfi Hafnarfjarðar, ásamt því að varðveita þá miklu sögu sem Hafnarfirði fylgir og miðbæ hans.

Það er mikið af góðum áherslum í deiliskipulagi miðbæjarins frá 2001, sem enn eru í fullu gildi og mikilvægt að gleymist ekki. Þar eru sett inn jákvæð markmið fyrir þróun svæðisins, en því miður hafa fæst þeirra náðst. Ekki endilega vegna þess að erfitt sé að uppfylla þau, heldur vegna þess að lítið hefur reynt á það. Endurskoða þarf hvort byggingarheimildir leyfi of háar byggingar m.v. aðliggjandi byggð og er þá sérstaklega horft til þess að vernda ásynd og hjarta Hafnarfjarðar. Horfa þarf á þetta í samhengi við gildandi deiliskipulag er nær til einstakra lóða.

„Is this going to be a joyous place?“ hefur verið sett sem lykilmarkmið í skipulagi nokkurra miðbæja á Bretlandseyjum. Er hægt að koma einhverjum atriðum að í skipulagsskilmálum sem gera það líklegra að miðbærinn verði skemmtilegur, að fólki líði vel og að þar ríki gleði. Jan Gehl, arkitekt, orðaði það þannig, að eitthvað geti gerst þar sem eitthvað er að gerast, og að ekkert geti gerst þar sem ekkert er að gerast.

Ef götumynd er einsleit og með fáum opnunum og lítilli þjónustu á jarðhæð, þá hraða gangandi vegfarendur för, en þar sem þjónusta er tíðari og götuhliðar iða af lífi, hægja vegfarendur á sér og taka þátt í að búa til betri bæjarbrag.

Líflausar götuhliðar þeirra draga kraft úr götulífi og sé of mikið af þeim geta þeir gengið af götum dauðum. Það má segja að réttur almennings til að njóta lifandi aðalgötu sé mikilvægari en réttur húseigenda til að nýta rými við aðalgötu á þann hátt að það drepi götulífið.

Yfirvöld og fyrirtæki þurfa að taka höndum saman við að gera miðbæjarkjarnann líflegri. Lausn getur legið í tilslökun þegar kemur að skipulagsskilmálum (*t.d. að leyfa blandaða byggð*) eða með strangari skilmálum þar sem það á við (*t.d. einungis verslun og veitingastaðir leyfðir á jarðhæð*). Myndarlegt hótél til viðbótar við önnur gistirými sem fyrir eru myndi að öllum líkindum styrkja miðbæinn enn frekar og laða að fjölbreyttari starfsemi en aðstæður bjóða upp á í dag.

Miðbærinn er mikilvægur fyrir heildina. Hann á að hafa góðar tengingar við aðra bæjarhluta og markmiðið ætti að vera að bæjarbúar upplifi hann sem hjarta bæjarins, og stað sem gaman er að heimsækja. Jane Jacobs, blaðamaður og aktivisti, lagði áherslu á að án sterkar og fjölbreyttrar miðju, væri hætt við að heildin yrði samansafn einangraðra hluta. Hún næði ekki að verða að einhverju meira; félags-, menningar- og efnahagslega, en summa aðskildra hluta.

Miðbærinn þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til að dafna og lifa af:

- Hann þarf að vera aðgengilegur, snyrtilegur og öruggur.
- Hann verður að hafa sterkan staðaranda, þar sem byggingar, þjónusta og uppákomur styrkja þessa ímynd.
- Einhvers konar faglegt eftirlit eða stjórnun verður að vera til staðar.

Lögð skal áhersla á að nýbyggingar í miðbæ Hafnarfjarðar virði fingert yfirbragð byggðarinnar í kring, í stað þess að leita hámarks nýtingar á byggingarreitum. Dæmin sem við höfum t.d. frá uppbyggingarsvæðum í miðbæjum nágrannasveitafélaga eru ekki alltaf til eftirbreytni, en þó eru dæmi um vel heppnaða uppbyggingu þar sem tekið hefur verið tillit til staðaranda og mælikvarða umhverfis og eldri byggingar fengið að njóta sín; jafnvel fengið nýtt hlutverk í stað þess að víkja fyrir nýbyggingum.

„Lögð er áhersla á umhverfisgæði og þjónustuhlutverk miðbæjarins gagnvart nágrannabyggðum. Miðbær Hafnarfjarðar er annar tveggja gróinna miðbæjarkjarna á höfuðborgarsvæðinu, og hefur því aðra eiginleika og yfirbragð og betri tengsl við menningararfleifð en miðhverfi nýrri bæja og úthverfa á höfuðborgarsvæðinu. Mikilvægt er að vandað verði þar til skipulags og hönnunar.“ (Úr markmiðakafla aðalskipulags Hafnarfjarðar).

Enn eru nokkuð af reisulegum eldri húsum í miðbænum, þó að mörg þeirra hafi vikið fyrir stærri nýbyggingum á undanförunum áratugum. Mikilvægt er að halda í þessi hús og stuðla að viðhaldi og endurbótum á þeim. Huga þarf að stuðningi til viðhalds

og endurgerða húsa sem hafa áhrif á heildarsvipmót götumyndar. Leita mætti fyrirmyndar frá öðrum sveitarfélögum sem hafa gert slíkt hið sama.

Skrifstofur, þjónusta og íbúðir

Undanfarið hefur verið lögð áhersla á fjölgun íbúða í miðbænum, oft á kostnað skrifstofurýmis sem fyrir er. Þó fagna beri nýjum íbúðum, þá er mikilvægt að fjölga líka skrifstofu- og hótelrymi til að jafnvægi verði milli íbúa, vinnandi og gesta. Með réttri samsetningu verður starfsemi sem þjónustar þessa hópa hagkvæmari.

Fjarðargata 2. áfangi

Aðra þætti þarf að hafa í forgrunni þegar kemur að endurskoðun svæðisins við Fjarðargötu þar sem svæðið er á landfyllingu og allur hluti þess manngerður. Gatan er tenging umferðar við önnur svæði Hafnarfjarðar og við uppbyggingu hennar þarf að huga að sjónásum út mót opnu hafi.

Með tilkomu borgarlínu þarf að huga vel að vegtengingum við miðbæinn og staðsetningu mannvirkja sem þjónusta almenningssamgöngur og að þær verði í samræmi við vinnu og hugmyndir leiðakerfishóps um Strætó. Starfshópurinn leggur mikla áherslu á að í miðbænum verði áfram öflug samgöngumiðstöð og tekur undir tillögur hópsins.

Í deiliskipulaginu frá 2001 er gert ráð fyrir að fjölgun á bílastæðum verði mest neðanjarðar, í bílakjöllurum. Það hefur ekki gengið eftir þegar framkvæmt hefur verið í miðbænum (*bílakjallarin er við verslunarmiðstöðina Fjörð var kominn þegar skipulagið var samþykkt*), og kannski er óráðlegt að einblína á bílakjallara í stað einhvers konar blöndu sem ef til vill gæti innihaldið bílastæðahús. Ef þörfin minnkar, er auðveldara að finna slíku húsi nýtt hlutverk, en ef um kjallara er að ræða. Nauðsynlegt er að tryggja gott aðgengi að skammtímabílastæðum.

Lokaorð

Líkt og fram hefur komið er það niðurstaða starfshópsins að við endurskoðun og áframhaldandi vinnu er varðar miðbæinn sé lykilatriði að hann fái að þróast í áföngum í takt við þörf samfélagsins hverju sinni. Mikilvægt er að hafa skýra framtíðarsýn sem veitir heildarmynd og yfirsýn yfir næstu mögulegu vaxtarskeið Hafnarfjarðarbæjar.

Fylgiskjöl:

1. Erindisbréf starfshópsins
2. Fundargerðir starfshópsins

DRÖG Í VINNSLU

Erindisbréf

Starfshópur um skipulag miðbæjar Hafnarfjarðar.

Í Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 segir um miðbæ Hafnarfjarðar:

„Miðbær Hafnarfjarðar er miðstöð opinberrar þjónustu í Hafnarfirði og verður eflur sem einn af helstu kjörnum verslunar, þjónustu og menningar á höfuðborgarsvæðinu. Markmið skipulagsins er að í miðbæ Hafnarfjarðar sé mikið og fjölbreytt framboð verslunar og þjónustu, og þar sé líflegt mannlíf og menningarstarfsemi sem laði að bæði íbúa og ferðamenn. Því aðeins má staðsetja opinbera þjónustu (aðra en hverfaþjónustu) utan miðbæjarins að sýnt sé fram á að ekki sé unnt að mæta þörfum fyrir húsnæði eða svæði fyrir hana í miðbænum. Áhersla er lögð á sérvöruverslanir auk veitinga- og kaffihúsa sem laða að jafnt heimamenn sem gesti. Allt rými á jarðhæð í miðbænum verði nýtt fyrir verslun, veitingahús og þjónustu en stefnt skal að aukinni íbúðabyggingu í miðbænum, m.a. á efri hæðum húsa við Strandgötuna.“

Núgildandi deiliskipulag miðbæjarins er frá 2001. Miklar samfélagslegar breytingar hafa átt sér stað síðan þá. Fyrir liggja þrjár hugmyndir að mögulegri þróun miðbæjarins frá 2018. Fyrir liggur úttekt á þeim þremur tillögum hvað útfærslur og hugmyndir varðar og samanburður við gildandi deiliskipulag frá 2001. Einnig liggur fyrir húsakönnun svæðisins gerð í samráði við Minjastofnun Íslands og Bygðasafn Hafnarfjarðar.

Hlutverk og verkefni starfshópsins:

Starfshópurinn skal vinna að og koma með tillögu að aðferðafræði við áframhaldandi vinnu við skipulag miðbæjarins.

Hlutverk starfnefndar er að m.a. á grundvelli þessara gagna móta stefnu um hvort unnið verði að opinni samkeppni um deiliskipulag miðbæjarins eða hvort unnið verði áfram að deiliskipulagi miðbæjarins á grundvelli þeirrar vinnu sem liggur fyrir.

Til grundvallar þessarar vinnu starfshópsins skal höfð hliðsjón af Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, gildandi deiliskipulag „Miðbæjar Hafnarfjarðar frá 2001“ og skýrslu vinnuhóps um þéttingu byggðar. Jafnframt skal taka við af fyrirliggjandi tillögum að uppbyggingu miðbæjarins sem unnar voru 2018, Skipulagsmörk hafa ekki verið ákveðin. Eðlilegt er að tengsl miðbæjarins við aðliggjandi hverfi verði skoðuð m.a. út frá þróun byggðar undanfarna áratugi, hugmynda um bættar almenningssamgöngur, samkeppnissvæðisins við Flensborgarhöfn og þróunar og uppbyggingar á suðurhafnarsvæði.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku

Skipaðir verða 5 aðilar í starfshópin

2 frá meirihluta

1 frá minnihluta

1 fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

1 fulltrúi fyrirtækja

1 fulltrúi íbúa

Hámarksstarfstími starfshópsins og hámarksfjöldi funda sem greitt er fyrir

Gert er ráð fyrir 6 fundum starfshópsins og kostnað um kr. 900.000. Starfshópnum er óheimilt að stofna til fjárhagslegrar skuldbindinga. Stefnt skal að vinnu starfshópsins verði lokið um miðjan júní 2019.

Með hópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir forstöðumaður framkvæmda- og rekstrardeildar á umhverfis- og skipulagsþjónustu

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt á umhverfis- og skipulagsþjónustu

Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi á umhverfis- og skipulagsþjónustu

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 14. mars 2019

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku

Starfshópur, miðbær, deiliskipulag

Fundur 1.

5. apríl 201ð

Mættir:

Ágúst Bjarni Garðarsson

Lovísa Traustadóttir

Jón Ingi Hákonarson

Guðmundur Bjarni Harðarson

Kári Eiríksson

Sigríður Margrét Jónsdóttir

Helga Stefánsdóttir

Forföll:

Gunnþóra Guðmundsdóttir

Þormóður Sveinsson,

Fundarefni:

1. Skipaðir hafa verið eftirfarandi í starfshópinn:

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður

Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta

Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta

Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi fyrirtækja

Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa

Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi Msh

Með hópnum starfa svo eftirfarandi;

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður hfj

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt hfj

Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi hfj

2. Lagt var fram erindisbréf hópsins.
3. Kári Eiríksson kynnti þéttingarskýrsluna sem unnin var 2016, Hafnarfjörður, þétting byggðar / miðbær. https://www.hafnarfjordur.is/media/stjornsysla/Hfj-th-byggd-01022016_SM.pdf



Ákveðið var að næsti fundur yrði 23. apríl kl 12:30. Óskað var eftir að Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi kynni þar tillögurnar sem kynntar hafa verið í skipulags- og byggingarráði varðandi miðbæinn. Jafnframt er óskað eftir að þær verði sendar hópnum fyrir næsta fund.

Næsti fundur þar á eftir verður 3. maí kl 10.

Fundarboð hafa þegar verið send út.

Ritað/HS



HAFNARFJÖRÐUR

Starfshópur, miðbær, deiliskipulag

Fundur 2.

23.apríl 2019 / málsnr. 1903229

Mættir:

Ágúst Bjarni Garðarsson

Sigríður Margrét Jónsdóttir

Jón Ingi Hákonarson

Guðmundur Bjarni Harðarson

Kári Eiríksson

Helga Stefánsdóttir

Þormóður Sveinsson

Gunnþóra Guðmundsdóttir

Forföll:

Lovísa Traustadóttir.

Fundarefni:

Farið var yfir helstu atriði síðasta fundar er snertir þéttingarskýrsluna sem kynnt var fyrir starfshópnum á fyrsta fundi.

Rædd voru hvar skipulagsmörk miðbæjar skipulagsins eru og hvort þau megi færa. Myndu slíkar tilfærslun hafa áhrif á deiliskipulagið í heild sinni eða einungis breytt notkun innan ákveðins svæðis? T.d. er horft til þess að Austurgata verði íbúðarsvæði. stefnumörkun vegna miðbæjarskipulagsins þarf að vera skýr.

Kynntar voru 3 tillögur að uppbyggingu í miðbænum unnar af teiknistofunum Tark, Sei og Trípóli. Þótt tillögurnar bæru með sér svipaðan keim nálguðust þær viðfangsefnið á ólíkan máta. Tillögurnar gera t.d. ráð fyrir mismikilli uppbyggingu innan svæðisins. Þegar kemur að uppbyggingu á svo viðkvæmu svæði þarf að huga að því að hún sé hófleg þótt vissulega feli uppbygging alltaf í sér breytingar. Við uppbyggingu þurfi að horfa til framtíðar og tenging svæðisins með framtíð hafnarinnar í huga.

Skoða þarf íbúa- og íbúðafjölda á svæðinu. Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi tekur saman þær tölur.

Hvernig verslanir og þjónusta þarf að vera til staðar og/eða gera kleift að hefja starfsemi í miðbæ Hfj. til þess að verslanir og þjónusta styðji við hvort aðra.

Óskað var eftir að tengja Norðurbakkann betur inn á miðbæjarskipulagið og að fundinn verði heildarlausn fyrir svæðið. Nú þegar eru vandamál er varða aðkomu að Norðurbakka 1-3, bæði hvað varðar slökkvi- og sjúkrabíla sem og þjónustubifreiðar/aðföng. Tengja þarf strandstíginn betur við bæinn og tryggja betri göngubraut yfir Fjarðargötuna. Með endurskoðun hringtorgsins við Fjarðarg. / Rvk.veg er hægt að leysa hluta þessara áskoranna.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.13: 43.

Næsti fundur er föstudaginn 3. maí kl.10.

Ritað/GpG

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

3. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 7. maí, Norðurhelli 2. kl. 12:00

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

forföll:

Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi fyrirtækja

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið var yfir skýrslu teiknistofunnar Teikn.

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi kynnti.

Niðurstaða skýrslunnar var í raun að fari fram samkeppni megi búast við mjög svipuðum hugmyndum og nú þegar hefur verið varpað fram í lokaðri hugamyndavinnu teiknistofunnar Sei, Tark og Trípóli.

Spurningin er því hvort áhugi sé á því að vinna þær hugmyndir sem nú eru fyrir hendir, hvort það skuli vera opin hugmyndasamkeppni eða að fá teiknistofu til að taka þær hugmyndir sem þegar liggja fyrir og taka þær saman. Færa þarf inn hugmyndir er varða almenningssamgöngur.

Ákveðið var að hópurinn skili af sér minnisblaði hvað þetta varðar.

2. Áherslur hópsins.

Alls er gert ráð fyrir 6 fundum. Ef til vill þarf ekki að fullnýta þá heimild. Nú er áhugi á að taka saman áherslur hópsins sem skuli lagðar fram á næsta fundi hópsins og framhald á verkinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13:00

Næsti fundur verður föstudaginn 31.maí að Norðurhelli 2, kl.9:00.

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

4. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 15. maí, Norðurhelli 2. kl. 10:30

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi MSH
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi verslunar

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Áherslur starfshópsins .

Teknar til umræðu áherslur starfshópsins. Umræða um þróun umferðarmála, uppbyggingu á bættum almenningssamgögnum og nýtingu bílastæða. Fram komu sjónarmið um mikilvægi þess að tenging miðbæjarins þarf að vera sterk uppbyggingu og breytingar á Flensborgarsvæðinu.

2. Gildandi deiliskipulag frá 2001.

Fjallað um heimildir í gildandi deiliskipulagi m.t.t. uppbyggingar. Skoðuð betur greinagerð **Teikn arkitekta** um tillögurnar 3. Þau sjónarmið reifuð að fá einn eða fleiri tillöguhöfunda til áfahaldandi vinnu/tillögugerðar sem byggist m.a á mati sem fram kemur í greinagerð Teikn arkitekta. Rætt um að fá tillöguhöfunda til fundar og kynna sín sjónarmið.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl 11:30

Næsti fundur verður þriðjudaginn 31.maí að Norðurhelli 2, kl.9:00.

Starfshópur, miðbær, deiliskipulag

Fundur 5

3. júní 2019 / málsnr. 1903229

Mættir:

Ágúst Bjarni Garðarsson

Sigríður Margrét Jónsdóttir

Guðmundur Bjarni Harðarson

Kári Eiríksson

Forföll:

Lovísa Traustadóttir

Jón Ingi Hákonarson

Helga Stefánsdóttir

Þormóður Sveinsson

Gunnþóra Guðmundsdóttir

Fundarefni:

Farið var yfir tillögur að skýrslu og þá beinagrind sem liggur fyrir. Punktar og önnur minnisatriði frá meðlimum starfshópsins ræddir.

Miklar umræður voru um bílastæðamál og þá sér í lagi í kringum Fjörð verslunarmiðstöð.

Guðmundur benti á að þörfin muni aukast enn fremur þegar fyrirhugaðar stækkanir verða á verslunarkjarnanum og hótelinu. Voru fundarmenn sammála þessu og að lausn þurfi að finnast á bílastæðamálinu. Guðmundur kemur með stutta kynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum á næsta fund.

Ræddir voru skilmálar miðbæjarins og hvernig hægt er að vinna með þá áfram, ásamt því að samstarf við Trípólí og Sei var rætt. Einnig var rætt um tengingu svæðsins við Norðurbakka, væntanlega uppbyggingu á Hraun vestur og svo Flensborgarhöfnina. Óskað var eftir að hitta Trípólí og Sei á næsta fundi og heyra þeirra hugmyndir og fá tækifæri til að spyrja beint. Einnig er gert ráð fyrir að Andri Ómarsson, verkefnastjóri komi inn á fund hópsins.

Ákveðið var að vinna áfram í skjalinu fram að næsta fundi.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl. 9:35.

Dagsetning næsta fundar er óákveðin en verður í vikunni 10.-14. júní

Ritað/Ábg

Starfshópur, miðbær, deiliskipulag

Fundur 6.

12. júní 2019

Mættir:

Ágúst Bjarni Garðarsson

Lovísa Traustadóttir

Jón Ingi Hákonarson

Guðmundur Bjarni Harðarson

Kári Eiríksson

Sigríður Margrét Jónsdóttir

Þormóður Sveinsson

Helga Stefánsdóttir

Forföll:

Gunnþóra Guðmundsdóttir

Fundarefni:

1. Trípólí mætti til fundarins og kynnti tillögur sínar að miðbæjarskiplagi
2. Sei mætti til fundarins og kynnti tillögur sínar að miðbæjarskiplagi
3. Helga Ingólfssdóttir formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs kynnti tillögu að nýju leiðarkerfi sem verið er að vinna að. Hvatti hún hópinn til að fá Lilju Karlsdóttur samgönguverkfræðing hjá Viaplan til að kynna þessa vinnu betur en hún hefur unnið að mótun tillögunar ásamt fleirum.
4. Guðmundur Bjarni Harðarson kynnti tillögur að uppbyggingaráformum Fjarðar.

Starfshópurinn var hvattur til að bæta við sínum punktum og ábendingum í vinnuskjalið sem liggur á svæði hópsins.

Næstu skref er að ÁBG mun leggja til við bæjarráð að hópurinn frá frest til að skila niðurstöðum og heimild til að funda 2-3 sinnum í viðbót.

Næsti fundur verður boðaður.

Ritað/HS



7. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 9. júlí í ráðhúsi Hafnarfjarðar.
kl. 10:00.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Forföll:

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi
Helga Stefánsdóttir

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið var yfir atriði síðustu funda.

Ræddar voru fundargerðir fyrri funda. Dagsetningar virðast hafa riðlast til. Farið var yfir tillögur sem þegar hafa verið kynntar frá teiknistofunum Tripólí, Sei og Tark arkitektum.

Varpað var fram þeirri spurningu og vangaveltum hver heimild manna er til að byggja m.v. gildandi deiliskipulag og mögulegar skaðabótaskyldur séu slíkar heimildir takmarkaðar eða minnkaðar. Einnig að huga þurfi að því hver hin raunverulega þörf sé þegar kemur að uppbyggingu og samsetningu hennar. Starfshópurinn hefur frest til 15. ágúst að ljúka þeirri vinnu sem nú er í gangi.

2. Tripólí arkitektar fóru yfir tillögu sína og ýmsum spurningum var varpað fram og vangaveltum um næstu skref. Óskað hefur verið eftir því að hugmynd þeirra verði sett fram með þeim hætti að henni sé áfangaskipt. Skoða þarf hvar best sé að hefja uppbyggingu og þéttingu miðbæjarins til að styðja við þá starfsemi sem þörf er á og til að efla miðbæjarkjarnann.

Í kjölfarið skapaðist umræða um hvort efla mætti svæði/andrými/torg við strandgötuna s.s. fyrir framan bóka- og listasafnið.

3. Lilja G. Karlsdóttir umferðarverkfræðingur kynnti samgöngumál.

Lilja gerði grein fyrir að breyting innan strætókerfisins tekur tíma og getur verið langt ferli. Skoðaðir hafa verið möguleikar til að bæta

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

almenningssamgöngur innan Hafnarfjarðar og eru þær leiðir sem nú eru í boði til endurskoðunar og einföldunar. Fjörður gegnir hlutverki aðalskiptistöðvar en gatnakerfi Fjarðargötu gerir það óhentugt fyrir Strætó að nýta svæðið til slíks vegna flæðis leiðarkerfisins og út frá rekstrarlegu sjónarmiði. Skoða þarf þann kost að færa skiptistöð, tímajöfnunarstöð, til hagræðingar og einföldunar á kerfinu. T.d. á horn Lækjargötu og Fjarðargötu. Slíkar breytingar skila sér til notenda en töluverður fjöldi farþega fer í strætó frá Firðinum.

Rætt var hvort mögulegt væri að koma rútum er tilheyra ferðaþjónustu við hugsanlega nýja skiptistöð og jafnvel bílastæðahúsi.

Lilja benti starfshópnum á að finna má fjölmörg dæmi um vel heppnaðar útfærslur á tímajöfnunarstöðvum sem taka má til fyrirmyndar og hvatti hópinn til að kynna sér þær.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl.11:30.



8. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 17. júlí í ráðhúsi Hafnarfjarðar kl. 10:00.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Forföll:

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi
Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið var yfir atriði síðustu funda og stöðu mála.

Lögð fram greinagerð Gunnþóru Guðmundsdóttur frá 10.7. sl. þar sem tekin voru saman helstu atriði sem fram hafa komið og snúa að áframhaldandi vinnu við deiliskipulag miðbæjar. Starfshópurinn vill gjarnan að arkitektar sem nú þegar hafa komið að tillögugerð vegna miðbæjarins verði fengnir í áframhaldandi vinnu. Slíkar ákvarðanir eru þó ekki á snærum vinnuhópsins. Loka skýrsla hópsins skal liggja fyrir þann 15. ágúst nk. á fundi bæjarráðs.

2. Rædd voru atriði sem lúta að þörf þjónustu, verslana og íbúafjölda.

Hvernig þessi atriði haldast í hendur eru mikilvægar upplýsingar fyrir áframhaldandi vinnu. Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi hefur tekið saman tölulegar upplýsingar sem starfshópurinn óskar eftir að sjá. Horfa þarf til þess að húsnæði sé í boði til að laða að mismunandi starfsemi og fyrirtækjarekstur.

3. Uppbygging og möguleikar, einstaklingsframtak.

Vangaveltur voru um hvort fasteignafélög væru réttir aðilar til að fá að borði vegna uppbyggingar og framtíðarmöguleika í miðbæ Hafnarfjarðar. Hvar ímynd bæjarins liggur. Ferða- og menningarmál þurfi að vera sýnileg en jafnframt skýr stefna í þeim efnum.
Mögulega þarf að huga að breyttu fyrirkomulagi að hálfu bæjarins til að auðvelda einkaframtak sem geti stuðlað að meira lífi í bænum o.þ.l. aukið flóru verslunar og þjónustu. T.d. með einföldun leyfisveitinga til að koma upp markaði eða básum á afmörkuðu svæði innan miðbæjarins með stuttum

Gunnþóra Guðmundsdóttir

fyrirvara. Með því móti væri hægt að auka mannlíf á góðum og björtum dögum.

4. Næstu skref.

Vinna þarf vel skjal sem starfshópurinn skal skila af sér að lokinn vinnu. Þar skuli koma fram að skoða þurfi atriði sem snúa að því að auka líf í bænum, starfsemi á jarðhæð húsa og samgöngumál. Samantektin verður innan þess ramma sem starfshópunum var gert að vinna eftir.

Hins vegar er hluti af niðurstöðu starfshópsins að hann telur farsælt að fá Tripóli arkitekta til frekari vinnu við deiliskipulag Hafnarfjarðar. Eftirfylgni þurfi að vera með málinu og að verkefnið verði unnið í áföngum.

Áhugi er á að fá aðila til að ræða þætti er snúa að atvinnulífinu, íbúa, gesti og ferðamenn, sem sækja fjörðinn heim til að versla og njóta þess sem bærinn hefur upp á að bjóða.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 11:05.



9. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 6. ágúst 2019 í ráðhúsi Hafnarfjarðar kl. 09:00.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja

Forföll:

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi
Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið var yfir atriði síðustu funda og stöðu mála.

Thorsplan var rætt og staða þess sem torg bæjarins. Farið yfir minnisblað. Enn er mikill áhugi á að fá Trípólí arkitekta til að koma að áframhaldandi vinnu við gerð nýs deiliskipulags fyrir miðbæinn. Farið var yfir atriði sem áður hafa komið fram á fyrri fundum og í kynningum sem starfshópurinn hefur fengið er snýr að almenningssamgöngum og húsnæði meðfram Strandgötunni.

2. Hvernig mætti styrkja götumynd Strandgötu.

Mætti endurvekja húsverndarstyrki bæjarins? Með því móti mætti styrkja götumyndir og gera aðlaðandi fyrir fyrirtæki að hefja rekstur. Kári Eiríksson hefur gert drög að fallegri götumynd Strandgötu og hvernig hún gæti litið út verði hugað að viðhaldi og endurgerð húsa sem þar standa. Lagt er til að sú teikning verði lögð fram til kynningar.

3. Skilmálar vegna verslunar- og þjónustu.

Ætti að skoða fyrirkomulag líkt og í Reykjavík þar sem kvóti er í miðbænum fyrir mismunandi starfsemi? Á sama tíma þarf að huga að því að húsnæði sé í boði og ákv. stoðþjónusta sé til staðar sem laðar að önnur fyrirtæki og verslanir. Auðvelda þarf fyrirtækum að hefja rekstur í miðbæ Hafnarfjarðar.

4. Næstu skref

Vinna þarf áfram skýrsluna sem starfshópurinn mun nú brátt skila af sér. Kári Eiríksson arkitekt mun halda utan um það verkefni. Guðmundur Bjarni Harðarson tekur að sér að skoða bílastæðamál við miðbæinn, Fjörð, og hvernig best sé að bregðast við skorti á stæðum sem vel ætti að vera hægt að leysa með einfaldri gjaldtöku. Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi er með tölur er varðar íbúafjölda sem starfshópurinn óskar eftir. Lögð var fram sú hugmynd að vera með opinn vinnufund /vinnudag fyrir íbúa þar sem þeir leggja hugmyndir sínar fram og taka þátt í umræðum um framtíð miðbæjarins. Kári hefur áður stýrt vinnudegi sem þessum og óskað er eftir að hann geri slíkt hið sama vegna miðbæjarins og endurskoðun deiliskipulagsins. Rætt var að síðasti fundur starfshópsins yrði mán. 12.8. eða þri. 13.8. nk.

Næsti fundur verður föstudaginn 9. ágúst kl.9 í ráðhúsi Hafnarfjarðar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 10:45.



10. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 9. ágúst 2019 í ráðhúsi Hafnarfjarðar kl. 09:00.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja

Forföll:

Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar
Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi
Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Næstu skref og staða mála.

Setja þarf fram forskrift að hvernig eigi að hefja vinnu að deiliskipulagi. Leggja áherslu á áfangaskiptingu verkefnisins og að hún geti tekið mið af framtíðarþörf bæjarfélagsins. Mikilvægt er að skýrsla starfshópsins sem lögð verður fram í bæjarráði verði einnig aðgengileg almenningi til umsagnar og athugsemda.

Síðasti starfshópsins verður þann 13.8.2019.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.10.

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

11. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 13. ágúst 2019 í ráðhúsi Hafnarfjarðar kl. 13:00.

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður
Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta
Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta
Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.
Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja

Forföll:

Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar
Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi
Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.
Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.
Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið var yfir dög að skýrslu starfshópsins.

Ákveðið var að hittast aftur þann 14. ágúst og fara yfir textann áður en hann verður lagður fyrir bæjarstjórn.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.15.

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is

12. fundur Starfshóps um deiliskipulag miðbæjar, þann 9. ágúst 2019 í fundarsal Hafnarfjarðarbæjar við Linnetstíg kl. 14:30

Starfshópur.

Ágúst Bjarni Garðarsson, fulltrúi meirihluta og formaður

Lovísa Traustadóttir, fulltrúi meirihluta

Jón Ingi Hákonarson, fulltrúi minnihluta

Kári Eiríksson, fulltrúi íbúa.

Sigríður Margrét Jónsdóttir, fulltrúi fyrirtækja

Guðmundur Bjarni Harðarson, fulltrúi frá Markaðsstofu Hafnarfjarðar

Forföll:

Þormóður Sveinsson skipulagsfulltrúi

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.

Með starfshópnum starfa:

Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður Hfj.

Þormóður Sveinsson, skipulagsfulltrúi Hfj.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt Hfj.

Eftirfarandi var tekið fyrir.

1. Farið var yfir texta skýrslunnar.

Fleira var ekki rætt á fundi. Fundi slitið kl.17:15